

**Ed.**

**276. Frumvarp til laga**

[29. mál]

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

(Eftir 2. umr. í Ed., 31. jan.)

**1. gr.**

Á eftir 27. gr. laganna á undan V. kafla, komi ný grein, þannig:

Stefnt skal að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur, a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi og víðar samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði um stofnkostnað og starfrækslu slíkrar rannsóknastofu. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaíðnaði í viðkomandi landshluta þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eins og við á.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.